Heilbrigðisráðuneytið
postur@hrn.is

Kópavogi, 6. febrúar 2020.

Hinn 16. janúar sl. birtust á www.samradsgatt.is drög að frumvarpi til laga um breytingu laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (stjórn og eftirlit). Umsagnarfrestur er til dagsins í dag. Í greinargerð sem fylgir frumvarpsdrögunum kemur fram að það sé unnið í heilbrigðisráðuneytinu í samráði við Sjúkratryggingar Íslands.

Stjórn Læknafélags Reykjavíkur (LR) hefur rýnt framangreind frumvarpsdrög. Með þeim eru fyrirhugaðar þrjár meginbreytingar á lögum um sjúkratryggingar:

1. Leggja niður stjórn Sjúkratrygginga Íslands.
2. Tryggja að ýmsar heimildir laganna nái einnig til þess þegar endurgreiðsla til sjúkratryggðra byggist á gjaldskrá sem stofnunin setur, í þeim tilvikum þegar ekki er í gildi samningur milli Sjúkratrygginga og þjónustusveitanda.
3. Heimila Sjúkratryggingum Íslands vegna eftirlits að kalla eftir afriti sjúkraskrár sjúklinga frá læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum í stað þess að þurfa áfram að koma á starfsstofur þeirra og skoða sjúkraskrárnar þar.

Stjórn LR hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpsdrögin:

1. **1. gr. frumvarpsins breytir 6. gr. laganna:** Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 6. gr. laganna falli brott. Í þeirri grein eru ákvæði um að ráðherra skipi sjúkratryggingastofnun fimm manna stjórn. Í ákvæðinu eru síðan frekari fyrirmæli um hlutverk stjórnarinnar ásamt fyrirmælum um það að formaður stjórnar skuli reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi hennar og gera honum viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur er ekki í samræmi við fjárlög.

   Stjórn LR leggst eindregið gegn því að stjórn sjúkratryggingastofnunar verði lögð niður. Frá stofnun Tryggingastofnunar ríkisins, sem var forveri Sjúkratrygginga Íslands varðandi sjúkratryggingar, hefur stjórn verið yfir þeirri stofnun. Þegar Sjúkratryggingar voru klofnar útúr Tryggingastofnun 2008 þótti sjálfsagt og eðlilegt að halda því áfram að yfir stofnuninni væri stjórn. Stjórn LR telur að þegar ræðir um jafnmikilvæga stofnun og Sjúkratryggingar Íslands þá skipti máli að þar sé stjórn. Í drögum að athugasemdum við frumvarpið er því haldið fram að með því að leggja niður stjórn sé hægt að skýra ábyrgð forstjóra svo hún verði "ótvíræð og óskipt" gagnvart ráðherra. Þar segir einnig: "Með því að leggja niður stjórn sjúkratryggingastofnunar er staða forstjóra sjúkratryggingastofnunar sem æðsta yfirmanns stofnunarinnar undirstrikuð með því að hann einn er skipaður af ráðherra og ber því ábyrgð gagnvart honum." Þar segir einnig: "Með skipun sérstakrar

stjórnar er hætt við að boðvald flækist og ólíkum hugmyndum um hvar stjórnunar- og eftirlitsheimilidr liggja í raun. … Hlutverk stjórnar stofnunarinnar er nokkuð óljóst og að samskipti og boðleiðir milli forstjóra, stjórnar og ráðherra eru ekki skýrar í reynd." Á þessi sjónarmið getur stjórn LR ekki fallist. Ef það er niðurstaða ráðherra að hlutverk stjórnar Sjúkratrygginga sé óljóst þá er réttari leið að breyta lagaákvæðum í þá veru að skýra hlutverkið, ekki að fella stjórnina brott. Með því að fella stjórnina brott yrði ráðherra- og forstjóraræðið yfir Sjúkratryggingum algjört. Það telur stjórn LR mjög óæskilegt. Þvert á móti telur stjórn LR að stjórn yfir Sjúkratryggingum sé mikilvæg og að hún sé nauðsynlegur eftirlitsaðili með starfi stofnunar, eins og hlutverki hennar er lýst í 6. gr. Sömuleiðis telur stjórn LR að það sé mikilvægt að ráðherra fái upplýsingar um starfsemina víðar að en eingöngu frá forstjóra. Samkvæmt 6. gr. er það hlutverk formanns að gera ráðherra reglulega grein fyrir starfseminni. Stjórn LR telur hins vegar að það megi breyta 6. gr. laganna í þá veru að það verði Alþingi sem kjósi stjórnarmennina en ráðherra skipi stjórnina og gera kröfu um að stjórnarmenn hafi sérþekkingu á málefnum Sjúkratrygginga Íslands og rekstrarþekkingu.

2. **2. gr. frumvarpsins breytir 7. gr. laganna.** Þar sem 1. gr. frumvarpsins leggur til að 6. gr. laganna falli brott þá þarf að gera breytingar á 7. gr. laganna til samræmis. Þar sem stjórn LR leggst gegn því að stjórn Sjúkratrygginga Íslands verði lögð niður þá leiðir af sjálfu sér að stjórn LR telur að 2. gr. frumvarpsins sé þarflaus, verði fallist á tillögur um að halda stjórninni.

3. **3. og 4. gr. frumvarpsins breyta 38. og 45. gr. laganna.** Hér eru lagðar til breytingar til að tryggja að eftirlitsheimildir Sjúkratrygginga Íslands viðhaldist einnig í þeim tilvikum þegar sjúkratryggðum er veitt heilbrigðisþjónusta á grundvelli gjaldskrár þar sem samningar eru ekki fyrir hendi. Sömuleiðis felst í breytingunum heimild til Sjúkratrygginga að greiða beint til þjónustuveitenda þó samningar séu ekki fyrir hendi. Stjórn LR telur varhugavert að gera það að fortakslausu skilyrði að samskipti þjónustuveitenda og Sjúkratrygginga séu með rafrænum hætti. Þá telur stjórn LR mikilvægt að kerfin leyfi að senda og taka við greiðsluliðum öðrum en þeim sem eru í gjaldskrá SÍ núna. Loks telur stjórn LR að huga þurfi að því hvort það samræmist bókhaldslögum að endurgreiða þjónustuveitanda beint með þessum hætti þegar ekki er samningssamband milli þjónustuveitanda og Sjúkratrygginga.

4. **5. gr. frumvarpsins breytir 1. mgr. 46. gr. laganna.** Hér er lögð til sú breyting að vegna eftirlits geti starfsmenn Sjúkratrygginga Íslands kallað eftir að heilbrigðisstarfsmenn sendi stofnuninni hluta sjúkraskrár sjúklings sem eftirlit nær til í stað þess að þurfa að fara á starfsstofu sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns eins og nú er gert ráð fyrir. Í athugasemdum segir að þessi breyting sé lögð til "til að unnt sé að sinna eftirliti á fullnægjandi hátt". Ekki er gerð minnsta tilraun til að útskýra að hvaða leyti gildandi fyrirkomulag geri fullnægjandi eftirlit ómögulegt. Stjórn LR leggst eindregið gegn þessari breytingu. Stjórnin telur að núverandi fyrirkomulag hafi gefist vel og það hafi tryggt með fullnægjandi hætti það eftirlit sem stofnunin ákveður að grípa til hverju sinni. Heilbrigðisstarfsmaður og annar starfsmaður á vegum stofnunarinnar hafa, í þeim tilvikum sem það hefur verið talið nauðsynlegt, komið á starfsstofur og fengið aðgang að sjúkraskrá sjúklings í þeim mæli sem eftirlitið kallar á. Þetta tryggir að aðgangurinn að sjúkraskrá verður aldrei meiri en þörf krefur. Með því að skylda heilbrigðisstarfsmenn til að senda stofnuninni afrit sjúkraskrár er hætt við að kallað verði eftir stærri hluta sjúkraskrár en minni. Sjúkraskrár eiga að vistast hjá þjónustuveitanda og afrit þeirra á ekki að fara víðar en ítrasta þörf krefur. Þá dregur stjórn LR í efa að það samræmist

meginreglum laga um persónuvernd að aðili eins og Sjúkratryggingar Íslands safni hluta sjúkraskráa með þeim hætti sem breytingin gerir ráð fyrir.

Stjórn LR leggur til að einungis 3. og 4. gr. frumvarpsdraganna haldi sér og að hætt verði við aðrar breytingar sem í frumvarpsdrögunum felast.

Virðingarfyllst,
Fh. Læknafélags Reykjavíkur



Þórarinn Guðnason, formaður.